



|                                                                                  |                  |
|----------------------------------------------------------------------------------|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk:                                                                            | 14/11 2023       |
| Málsnr:                                                                          | 2311370          |
| Bréfali:                                                                         | 300              |



*Biðröð við úthlutun í lóðufelli 14.*

## **Söfnun Fjölskylduhjálpar Íslands fyrir jólin 2023.**

Við viljum bjóða þér að taka þátt í starfi Fjölskylduhjálpar Íslands með frjálsu framlagi og stuðla þannig að því að Fjölskylduhjálpar Íslands geti áfram hlúð að skjólstæðingum sínum eins og samtökin hafa gert s.l. 20 ár, en samtökin áttu 20 ára afmæli í september s.l.

F.Í. er stærst mannúðarsamtaka á Íslandi í matarúthlutun en með minnstu fjármunina til ráðstöfunar.

**Ljóst er að samtökin munu eiga mjög erfitt með að anna þeim mikla fjölda sem mun sækja um aðstoð fyrir jólin en undanfarið hefur FÍ úthlutað matargjöfum til um 6.500 einstaklinga í hverjum mánuði eða um 2.400 heimila og hefur tilkoma Matarbankans hjálpað mikið. Með honum er unnið gegn matarsóun í samvinnu við fjölda fyrirtækja í landinu sem senda F.Í. matvæli sem eru að falla á tíma en eru fullkomlega boðleg til manneldis. Með þessari samvinnu fer mun minna í urðun matvæla hér á landi en áður og fyrirtæki sleppa við mikið kostnað við förgun matvæla.**

**Matarúthlutanir eru alla virka daga í Reykjavík og Reykjanesbæ og hefur það verið s.l. 18 mánuði.**

F.Í. greiðir fyrir 50% af öllum þeim matvælum sem samtökin úthluta og staðgreiðir öll vörukaup. Aðstoð er veitt íbúum í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Seltjarnnesi, á Suðurnesjum, Akranesi, Borgarnesi, Hveragerði, Selfossi og Hvolsvelli auk annarra svæða á landsbyggðinni. Hver matargjöf er frá tveimur upp í sjö haldapoka eftir stærð fjölskyldna.

Matarúthlutanir eru á hverjum degi. F.Í. úthlutar fatnaði á börn og fullorðna eftir þörfum, búsaðhöldum og notuðum leikföngum. Nytjamarkaður með notaðan og nýjan fatnað og gjafavörur er opin allir virka daga frá kl. 13:00 til 18:00 í Reykjavík og Reykjanesbæ. F.Í. hjálpar einnig til við að leysa út lyf og greiða sjúkrakostnað fyrir skjólstæðinga, og hefur sú aðstoð aukist mikið.

**Með hugsjónina að vopni, mikla eljusemi og aðstoð góðra stuðningsaðila hefur tekist frá árinu 2003 að gera Fjölskylduhjálpar Íslands að því sem hún er í dag þ.e. að hjálparsamtökum, (non-profit) sem byggjast upp á sjálfbærastarfi og hafa að leiðarljósi að hjálpa þeim sem minna mega sín.**

Skjólstæðingar samtakanna eru öryrkjar, einstæðir foreldrar, fjölskyldur með lágar tekjur, eldri borgarar, fólk án atvinnu, heimilislaust fólk og hælisleitendur. Allt að 50 sjálfbærastarfi halda uppi starfi F.Í. allt árið um kring. Þegar allar dyr eru lokaðar fyrir þá sem minna mega sín eru dyr F.Í. alltaf opnar og símsvörun allir daga.

Bókhald félagsins hefur verið opið almenningi frá upphafi og er það líklega einsdæmi á meðal líknartélaganna hér á landi.

Með kærri kveðju og von um að þú sjáir þér fært að rétta okkur hjálparhönd fyrir þessi jól!